

Aðalfundur LK 2025

16. júní 2025 kl. 20.00

Fundarmenn: Anna Margrét Pálsdóttir, Ólafur Þórðarson, Steinunn Þorsteinsdóttir, Bjarklind Þór, Þórdís Sigurgeirsdóttir, Ellen Dögg Sigurjónsdóttir, Sigrún Tryggvadóttir, Ingveldur Lára Þórðardóttir, Gísli Björn Heimisson, Guðný Hrönn Sigmundsdóttir, Hörður Sigurðarson, Oddfreyja Oddfreysdóttir, Aðalsteinn Jóhannsson.
Hjördís Berglind Zebitz kom 20.35.
Örn Alexandersson kom til fundar kl. 21.20.

Formaður setur fund.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Formaður leggur til að Hörður Sigurðarson tæki að sér fundarstjórn og Ingveldur Þórðardóttir fundarritun. Samþykkt einróma.

2. Skýrsla stjórnar

Formaður les skýrslu stjórnar. Umræður um hana. Samþykkt.

3. Skýrslur nefnda

Verkefni hússtjórnar tíunduð í skýrslu stjórnar. Engar aðrar skýrslur nefnda.

4. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar fyrir síðasta reikningsár

Hörður Sigurðarson fer yfir reikningana með fulltingi Sigrúnar Tryggvadóttur í fjarveru Arnar Alexandersonar gjaldkera, með samþykki fundarins. Umræður um reikning. Samþykktur.

5. Stjórnarkjör

Í stjórn á leikárinu voru Anna Margrét Pálsdóttir formaður, Örn Alexandersson gjaldkeri, Hjördís Berglind Zebitz, Ellen Dögg Sigurjónsdóttir og Birgitta Bergsdóttir. Varamenn voru Gísli, Valdimar Lárus Júlíusson og Guðný Hrönn Sigmundsdóttir, kosnir til eins árs.

Hjördís og Örn eru að ljúka tveggja ára setu. Formaður er kosinn til eins árs í senn, Anna Margrét hefur setið sem formaður síðastliðið leikár.

Anna Margrét kjörin formaður.

Nýir aðalmenn í stjórn: Hjördís Berglind Zebitz og Ólafur Þórðarson.

Varastjórn: Oddfreyja, Guðný og Gísli.

6. Kosning hússtjórnar

Hörður, Örn og Sigurður hafa setið í hússtjórn á leikárinu. Þeir bjóða sig allir fram aftur án mótframboðs og því réttkjörnir.

7. Kosningar tveggja endurskoðenda og eins til vara

Fráfarandi: Sigrún Tryggvadóttir og Brynja Helgadóttir og Hörður til vara. Þau bjóða sig áfram fram og eru réttkjörin.

8. Aðrar kosningar

Engar.

9. Lagabreytingar

Engar.

10. Ákvörðun félagsgjalda

Stjórn leggur til óbreytt félagsgjöld, 6000 kr. Samþykkt einróma.

Fundarhlé.

11. Önnur mál

Leikritasmiðjan var í umsjá Oddfreyju á leikárinu og verður það áfram með aðstoð Ingveldar.

Markaðsteymið sem starfað hefur í vetur voru Guðný og Birgitta. Þær munu halda áfram með verkefnið.

Kallað var eftir því að félagsmenn sem fara í BÍL-skólann taki með þá búninga sem hafa verið teknir saman fyrir hann.

Formaður kynnti lauslega fyrirhugaða starfsáætlun fyrir næsta leikár. Ný stjórn mun leggja fram nánari tímaáætlun fljótlega.

Ný stjórn leggur fram tillögu um að Örn Alexandersson fari áfram með prókúru félagsins. Formaður ber tillöguna upp. Samþykkt einróma.

12. Afgreiðsla fundargerðar

Fundargerð lesin og samþykkt.

Fundarstjóri gefur formanni orðið og hann slítur fundi kl. 21.50.